

Nd.

140. Breytingartillögur

[19. mál]

við frv. til laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Frá 2. minni hl. allsherjarnefndar (BFB, SkG).

- I. Við 1. gr. 2. málsg. orðist svo:
Hafi maður eignast fasteign við hjúskap eða erfðir eða öðlzt fasteignarréttindi fyrir gildistöku laga þessara, án þess að skilyrði 1.—4. töluliðs séu fyrir hendi, er ráðherra heimilt að veita aðila leyfi til eignarhaldsins, ef ástæða þykir til. Eigi þarf leyfi til leigu á fasteign eða réttinda yfir henni um 3 ára tímabil eða ef uppsögn er áskilin með eigi lengri en árs fyrirvara.
- II. Við 2. gr. Greinin falli burt.
- III. Við 4. gr. Greinin verði 3. gr. og orðist svo:
Nú hefur ráðherra borizt skýrsla samkvæmt 2. gr. eða hann hefur á annan hátt fengið vitneskju um, að maður, sem eigi fullnægir skilyrðum laga þessara, hafi öðlzt réttindi þau yfir fasteign, er getur í 1. gr., og skal hann þá setja honum frest til að koma málinu í löglegt horf, með því að fá leyfi það, sem vantar, eða með því að láta réttindin af hendi til annars manns, er öðlast megi þau að lögum. Frestur þessi má eigi styttri vera en 6 mánuðir og eigi lengri en 3 ár. Ákvörðun sína um þetta lætur ráðherra innrita fyrir fram eða þinglesa, svo fljótt sem unnt er, á varnarþingi fasteignarinnar. Frestinn skal telja frá þinglýsingardegi.
- IV. Við 5. gr. Greinin verði 4. gr. og orðist svo:
Nú hefur aðili eigi sýnt full skilríki fyrir því, að málið sé komið í löglegt horf, áður en fresturinn er útrunninn, og lætur ráðherra þá selja eignarréttinn á nauðungaruppboði á kostnað eiganda, og er hann bundinn við þá sölu og heimildarmaður hans og allir þeir, er réttindi eiga í eigninni. Um uppboðið fer eftir fyrir mælum laga um nauðungaruppboð, nr. 57 25. maí 1949, eftir því sem við á. Uppboðsauglýsingin skal í þessum málum birt fasteignareiganda í stað skuldunauts, og sé hann eigi fyrir á fasteigninni, má birta hana, svo að nægi, hverjum manni öðrum, er þar er fyrir, og sé enginn þar fyrir, þá næstu grönnum. Eigandi fær borgaðan þann hluta uppboðssöluverðsins, sem honum hefði borið, ef hann hefði verið löglega kominn til eignar eða afnota.
- V. Við 6. gr. (sem verði 5. gr.).
Í stað „7. gr.“ komi: 6. gr.
- VI. Við 7. gr. (sem verði 6. gr.).
Í stað „4. og 5. gr.“ komi: 3. og 4. gr.
- VII. Við 8. gr. (sem verði 7. gr.).
Í stað „4. og 5. gr.“ komi: 3. og 4. gr.